Innviðaráðuneytið
Skrifstofa sveitarfélaga, stafrænna innviða og byggðamála
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Norðurlandi vestra, 6. nóvember 2026

Efni: Umsögn um umræðuskjal um viðmið um sjálfbæra þróun sveitarfélaga, mál nr. S-191/2026 í samráðsgátt stjórnvalda.

Stjórn SSNV fagnar þeirri vinnu sem fram fer við mótun sameiginlegra viðmiða um sjálfbæra þróun sveitarfélaga og tekur undir að sjálfbærni verði metin í samspili efnahags, samfélags og umhverfis. Stjórnin tekur jafnframt heilshugar undir umsagnir Skagafjarðar og Húnaþings vestra um málið. Stjórn SSNV gerir þó athugasemdir við nokkra þætti í framsettum mælikvörðum, einkum þar sem viðmiðin mæla landfræðilega stöðu fremur en árangur og þar sem forsendur sem ríkið ræður vantar.

Viðmið sem dreifbýl sveitarfélög ná ekki á eigin forsendum

Viðmiðið um sterka tekjustofna í kafla 4.4 telur framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til lasts, þótt sjóðurinn sé lögbundið tæki til að jafna aðstöðumun, m.a. vegna dreifðrar byggðar og vegalengda. Sveitarfélag sem fær framlög í samræmi við lög mælist þá ósjálfbært án þess að nokkuð í rekstri þess hafi brugðist. Stjórn SSNV leggur til að mælikvarðinn verði felldur brott í núverandi mynd og í hans stað metið hvort tekjur, að meðtöldum jöfnunarframlögum, standi til lengri tíma undir lögbundinni þjónustu og viðhaldi innviða.

Viðmið um íbúafjölgun, aldurssamsetningu og hlutfall barna (kafli 4.2), fjölbreytni atvinnulífs (HHI-stuðull, kafli 4.4), verndarsvæði og hleðslustöðvar (kafli 4.6) ráðast að miklu leyti af búsetuþróun, atvinnuháttum, friðlýsingum ríkisins og afhendingargetu raforku, ekki af ákvörðunum sveitarstjórna. Það samræmist illa því markmiði sem sett er fram í kafla 4, að einblína á þætti sem sveitarstjórnir geta haft raunveruleg áhrif á. Stjórn SSNV leggur til að slíkir mælikvarðar verði birtir sem samhengisupplýsingar og skoðaðir sem þróun innan sveitarfélagsins yfir tíma, fremur en sem viðmið sem náist eða náist ekki.

Smáar tölur gefa skökk hlutföll

Starfshópurinn bendir sjálfur á í kafla 4.5 að í fámennum sveitarfélögum geti fáir einstaklingar vegið þungt hlutfallslega. Hið sama á við um fleiri mælikvarða, t.d. biðlista í leikskóla og niðurstöður Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar í kafla 4.3, þar sem eitt barn getur fært sveitarfélag yfir viðmið. Stjórn SSNV leggur til að settar verði reglur um lágmarksúrtak, að birt verði þriggja ára meðaltöl eða óvissumörk og að niðurstöður verði ekki birtar sem náð/ekki náð þar sem úrtakið stendur ekki undir því.

Forsendur sjálfbærni sem ríkið ákveður – tillaga við kafla 4.7

Stjórn SSNV telur stöðu innviða og aðgengi að grunnþjónustu mikilvægasta óútfærða þáttinn í umræðuskjalinu. Viðmið sem mæla eingöngu árangur sveitarfélaga, en ekki þær forsendur sem ríkið setur þeim, geta leitt til þess að sveitarfélag mælist ósjálfbært vegna ákvarðana sem teknar eru annars staðar. Stjórnin leggur til að þróaðir verði mælikvarðar um aðgengi að grunnþjónustu í vegalengd og ferðatíma, afhendingaröryggi raforku, ljósleiðara- og farsímasamband, vegasamband árið um kring og nálægð við þjónustu og störf ríkisins í landshlutanum. Slíka mælikvarða ætti jafnframt að nýta við forgangsröðun ríkisins í innviðafjármögnun.

Gagnaumgjörð, kostnaður og sameiningar

Stjórn SSNV leggur áherslu á að viðmiðin byggi á gögnum sem þegar liggja fyrir hjá Byggðastofnun, Hagstofu Íslands, Jöfnunarsjóði og í ársreikningum sveitarfélaga, og að mælaborðið verði afhent sveitarfélögunum útfyllt. Ný skýrslugjöf legðist þyngst á þá stjórnsýslu sem minnst bolmagn hefur, og kostnað af innleiðingu á ríkið að bera, í samræmi við að fjármagn fylgi ábyrgð. Gögnin ættu einnig að vera aðgengileg landshlutasamtökum vegna vinnu við sóknaráætlun. Loks leggur stjórnin áherslu á að viðmiðin verði hvorki nýtt sem rökstuðningur fyrir sameiningum sveitarfélaga, sbr. umfjöllun í kafla 3, né sem skilyrði fyrir framlögum eða fjármögnun verkefna.

Stjórn SSNV telur að vel útfærð viðmið geti orðið gagnlegt stýritæki fyrir bæði sveitarfélög og ríki. Viðmið sem mæla hvar sveitarfélag liggur á landakortinu, fremur en hvað það gerir, myndu hins vegar festa ójafnræði landshluta í mælikvarða. Stjórnin óskar þess að viðmiðin nái jafnt til þeirra forsendna sem sveitarfélögin ráða og þeirra sem ríkið ræður.

F. h. stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra

Sveinbjörg Rut Pétursdóttir

Sveinbjörg Rut Pétursdóttir,
Framkvæmdastjóri